

Atli Harðarson

Hin sjálfbirgu svör og efahyggja Þorsteins frá Hamri

Í ljóðabók Þorsteins frá Hamri, *Dyrum að draumi*, frá árinu 2005 er ljóð sem ber yfirskriftina SVÖR. Það byrjar svona:

Með stroknu fasi
ilma í dag af dásemd
hin sjálfbirgu svör.

Á morgun dreifa þau
hatri, sprengjum og heimsku (bls. 23).

Af þessum orðum verður tæpast ráðið hvort Þorsteinn hafði einhver tiltekin svör í huga eða hvort hann beindi spjótum sínum að öllum sem þóttust vita eitthvað. Það kann að virðast freistandi að hugsa sem svo að hann hafi einkum, og jafnvel eingöngu, átt við svör manna sem eru sjálfbirgingslegir, dramblátir eða þóttafullir umfram það sem almennt gerist. Kannski hafði hann í huga einhverja sem héldu á lofti hæpnum sjónarmiðum, eins og pólitíska ofstopamenn og loddara eða þann skara gleiðgosa og spráðilbassa sem mest bar á í aldarbyrjun. Næstu ljóðlínur gefa þó tilefni til að ætla að kvæðið hafi víðari skírskotun; feli jafnvel í sér efasemdir um að nokkur maður sé þess umkominn að orða sannleikann:

Einungis eitt
svar mun á jörðu satt.

Það eigrar um rústirnar
orðlaust (bls. 23).

Önnur ljóð, bæði í þessari sömu bók og öðrum bókum Þorsteins, benda líka til að hann hafi ort um okkur flest. Ég gef mér að orðið „sjálfbirgur“ merki hér rogginn eða ánægður með sjálfan sig, fremur en sjálfum sér nægur, og mér þykir líklegt að sú sjálfumgleði sem um ræðir sé einfaldlega í því fólgin að þykjast hafa endanleg svör á reiðum höndum.

Í *Dyrum að draumi* eru tvö önnur ljóð þar sem víska er tengd valdi eða valdbeitingu. Annað heitir VERALDARVEGUR. Það endar á orðunum:

Þar sveifla staðfastar sálir
keyrinu, sem þær kalla
vissu (bls. 22).

Hitt er JÓLABÆN:

Systir, sáldraðu nú
yfir manninn
því blæmjúka betlehemsrökkri

er fyllti húskytru
eina hér áður

hvorki valdi né vissu

en breiddi ró
yfir barn og spurn (bls. 42).

Kannski er barnið persónugerving þeirra sem fátt vita og þá er ekki nóg með að vissan sé í liði með valdbeitingu heldur er fáviskan líka friðarins megin.

Þorsteini er greinilega í mun að segja mönnum að fullyrða varlega og vera ekki of vissir í sinni sök. Hins vegar verður ekki ráðið af þeim ljóðum úr *Dyrum að draumi* sem hér hefur verið vitnað til hvers vegna hann telur fullvissuna slíkan vandræðagrip. Hvað býr að baki því sem hann segir um hin sjálfbirgu svör? Boðar hann einhverja sérstaka kenningu um hvers vegna þau eru varhugaverð?

Í nokkrum ljóðum sem Þorsteinn orti snemma á ferli sínum ýjar hann að því að blekking sé óhjákvæmilegt hlutskipti manna. Í bókinni *Lifandi manna land* sem út kom 1962 er þetta gefið í skyn í kvæði sem heitir LJÓSKIPTI. Þar er allt „reiðubúið að draga þig á talar“ og menn heyra fagrar raddir en „ekki fara þær allar með satt mál“ (Þorsteinn frá Hamri 2004:50). Í sömu bók er ljóð sem heitir BIRTA og þar eru ósannindin sögð mörg og hávær (bls. 57). Þessi tvo ljóð verða þó varla skilin sem yfirlýsing um efahyggju nema í ljósi þess sem síðar var ort. Eins og þau standa gæti þeim allt eins verið ætlað að vara aðra við blekkingu sem hægt er að komast hjá. Þau útiloka ekki að skáldið viti betur og geti teflt sínum sannleika fram gegn lyginni.

Sama má segja um næstu bók Þorsteins, *Lágnætti á Kaldadal*, sem út kom 1964. Þar „brestur í þekjum staðreynda“ eftir því sem segir í ljóðinu VÖKUR (bls. 82) en skáldið virðist samt vita um innviði sem geta borið þakið uppi. Að blekkingin sé hlutskipti sumra þýðir sem sagt ekki endilega að hún sé óhjákvæmileg og ljóð þessarar bókar virðast ekki útiloka að einhverjir viti þau sannindi sem máli skipta og komi orðum að þeim.

Þegar kemur fram á áttunda áratuginn ágerast efasemdir um að hægt sé að orða það sem mestu varðar. Í bókinni *Veðrahjálmi*, sem út kom 1972, eru hugtökin sögð húðstrýkja þögnina (bls. 205) og í næstu bók, sem heitir *Fiðrið úr sæng Daladrottningar* og út kom 1977, er ljóðið Á VORUM DÖGUM:

Á vorum dögum þegar vonin
hervæðist hálfkæringi

reynast ein sannindi
öðrum sannindum stærri

af engu eyra heyrð
né töluð af tungu

en tindra í augum
og kveinka sér í kvíðbogaskothríð hjartans (bls. 293).

Þetta virðist þýða eitthvað í þá veru að sumt það mikilvægasta verði ekki fangað í orð en það séu samt sannindi sem menn nema í augum annarra og hjartslætti sjálfs sín. Seinna, í bókinni *Það talar í trjánum* frá 1995, koma svo fram nýjar efasemdir um að orðin ná að tjá til fulls það sem menn sannast vita. Þar er ljóð sem heitir KVÆÐI Í KYRRUVIKU (bls. 630) og endar á orðunum:

Æ, þér orð
sönn hvert með öðru, sum
en alhrein aldrei (bls. 630).

Annað ljóð í sömu bók, sem ber yfirskriftina STROKUDRENGUR IV, fullyrðir að sumar hugsanir lifi fjarri öllu sem nöfnum tjáir að nefna, en ætli sér þó einhvern tíma að komast aftur þangað sem hlutirnir hafa heiti.

Sumar hugsanir eru ætíð nafnlausar og kann að finnast kalt sem slíkum, ekki sízt þegar hver þytur af fregn eða sveipur í sálhliði eignar sér hlutdeild í spurn þeirra og spáförum. En beri svo við að menn nálgist þær hreyknir með skjólgóða og litríka nafngift, er sú viðleitni ófyrirsynju, því sjálfar kjósa þessar hugsanir enn um sinn ókannaðar lendur, byljótt líf, myrkur og annað misjafnt, úti, langt í fjarska, allt fremur en nafnið, í þeirri von að komast þó einhverntíma aftur til manna þegar viðsjálastu tyllidagarnir eru liðnir hjá (bls. 638).

Hér hefur verið tæpt á hvernig efasemdir um að það sem máli skiptir verði orðað birtast í ljóðabókum Þorsteins frá síðustu öld. Þegar nálgast aldamót er eins og sú hugsun ágerist að sannleikurinn sé ekki bara ósegjanlegur heldur líka óþekkjanlegur. Í ljóðabókinni *Meðan þú vaktir* frá 1999 er ljóð sem heitir Á REKI. Þar er dregin sú mynd að við höfum ekki yfirsýn og greinum ekki þokumekkina því „við velkjumst í svelg þeirra sjálf“ (bls. 48). Í sömu bók er ljóðið FERÐ þar sem segir að jafnvel þótt við getum gáð hvað satt er þorum við það ekki. Þar greinir frá manni sem

... fer í sveig
hjá dyrum sem hann grunar
að feli svarið

en þyrði ekki inn um
fyrir sitt litla líf (bls. 49).

Í næstu bók Þorsteins, *Meira en mynd og grunur*, sem út kom 2002 mætast í einu ljóði vafi um að eitthvað mikilsvert sé segjanlegt og efasemdir um að það sé þekktanlegt. Þetta er ljóðið ÁVARPSORÐ. Það endar á þessa leið:

En hver þú í alvöru ert:

um það mun fólki sem fyrr
varnað vits jafnt og ljóðs

eins þótt hver og einn
vildi af hjarta
segja nokkurnveginn satt ... (bls. 9).

Ég hef nú rakið þræði tvenns konar efasemda í því sem Þorsteinn orti á undan ljóðinu um hin sjálfbirgu svör. Þessi bakgrunnur dugar kannski ekki til að rökstyðja einn ákveðinn skilning á því ljóði. En hann dugar að minnsta kosti til að opna hug lesandans fyrir tveim mögulegum túlkunum. Önnur er að ljóðið minni á að það sé alveg sama hvað menn hafa dásamleg svör þau geti ekki sagt allt sem máli skiptir, því sumt af því sé alls ekki hægt að segja. Hin er að það sem menn telja öruggast og þykjast best vita sé ef til vill ekki eins satt og þeir ætla, því um sumt sé mönnum varnað vits.

Fyrri túlkunin hefur ef til vill meiri stuðning af ljóðum sem birtust fyrir 2005. En í seinni bókum Þorsteins ber ekki síður á efasemdum um að það sem við höfum fyrir satt og víst sé það, nema kannski til hálf. Næsta bók á eftir *Dyrum að draumi* kom út 2008 og heitir *Hvert orð er atvik*. Þar er ljóðið HORF. Fyrstu línur þess eru:

Ég líki því stundum við landbrot

þegar hafrót áranna
heggur skörð
í heilleg, trygg rök, (bls. 21).

Ef rök sem virðast pottþétt láta undan verður niðurstaða þeirra þá ekki óviss og ef það sem „heilleg, trygg, rök“ leiða í ljós er óvíst, er þá nokkuð víst?

Svipaðar spurningar vakna af lestri næstu bókar sem út kom 2011 og heitir *Allt kom það nær*. Þar gerir Þorsteinn því skóna, í ljóði sem heiti SKAPANORNIR, að blekking sé hluti af örlögum mannsins:

Víst eruð þið til

en aflagt hafið þið
dulkofra-gervið gamla.

Í leiftrum, ofbirtu
sveipið þið um ykkur sjalínu

en villið sem fyrr
veröldinni sýn:

mest þó
manninum sýn á annan (bls. 15).

Þessar hugmyndir um að það sem við vitum sannast sé vafa undirorpið og blekking sé óhjákvæmilegt hlutskipti okkar hafa ekki vikið burt eldri vafa um að orð geti sagt allt sem máli skiptir. Hann er á vappi í nýjustu bókinni, *Skessukötlum* sem kom út 2013. Þar er ljóð sem heitir GATAN. Mælandi þess er gatan sem Gunnar á Hlíðarenda gekk með atgeirinn, „Melkorka, málvana, Þórður melrakki allra alda, Sæmundur fróði með Saltarann“ (bls. 12) og margir aðrir. Þegar gatan hefur kynnt sig og þulið nöfn vegfarenda sinna segir hún:

Ég er jafnframt
gata sem gefur í skyn
allt sem er ofur viðkvæmt

fremur en að segja
þann sannleika, ýmist
leiðan og ljúfan

sem orð myndu drepa á dreif
eða skilja eftir, sem æti fyrir varga (bls. 13).

Síðustu línurnar í þessu ljóði gefa raunar í skyn að sumt sé ekki bara ómögulegt að segja heldur geti beinlínis verið varhugavert að reyna að koma orðum að því.

Svo virðist sem tvenns konar efasemdir um að svör manna geti tjáð sannleikann hafi leitað á Þorstein frá Hamri aftur og aftur um langt árabíl. Annars vegar eru þetta efasemdir um að það sem máli skiptir verði sagt og hins vegar um að menn eigi kost á öruggri vissu. Líklega er rétt að túlka það sem hann segir um hin sjálfbirgu svör með hliðsjón af báðum gerðum efasemda. Þau svör sem í dag ilma af dásemd ná ekki utan um nærri allt sem máli skiptir og með tímanum heggur hafrót áranna skörð í rökin þar til þau hætta að halda. Sjálfbirgingshátturinn er líklega fólgin í því að viðurkenna þetta ekki, heldur ráðskast með tilveruna eins og þekking okkar væri meiri og betri en hún er. Slíkt endar víst oft í „hatri, sprengjum og heimsku“ (Þorsteinn frá Hamri 2005:23).

Þótt texti ljóðanna dugi ekki til að tengja efahyggju Þorsteins frá Hamri neinni tiltekinni heimspekihefð er vert að halda því til haga að efasemdir hans um að menn geti fest hendur á sannleikanum eru tvíþættar og þessir tveir þættir voru báðir áberandi í efahyggju heimspek- inga á Vesturlöndum mestalla síðustu öld. Annar þátturinn er vantrú á að menn geti vitað mikið með fullri vissu. Hinn er efasemdir um að hægt sé að tjá allan sannleikann með orðum.

Hjá Þorsteini virðist vantrú af fyrrnefndu gerðinni gera ráð fyrir að um hvert efni sé einhver sannleikur til þótt menn geti ekki vitað, eða að minnsta kosti ekki verið vissir um, hver hann er. Það er ekki hægt að villa mönnum sýn nema eitthvað sé rétt og heldur ekki hægt að gefa sannleikann í skyn nema einhver sannleikur sé til og því síður er mönnum varnað vits nema það sé eitthvað að vita. Ljóðin sem hér hefur verið vitnað til sverja sig því

fremur í ætt hreinnar og klárrar efahyggju en tómhyggju og afstæðishyggju sem voru enn fyrirferðameiri en efahyggjan í heimi skáldskapar og fræða á síðustu öld. Tómhyggjan og afstæðishyggjan hafna því raunar, þegar öllu er á botninn hvolft, að mönnum sé varnað vits um nokkurt efni, því þær boða ýmist að það sé ekkert að vita eða að hver og einn geti búið til fullgildan sannleika fyrir sig. Um þetta hef ég fjallað nokkrum orðum (á bls. 35–8) í bók um heimspekilega efahyggju sem heitir *Í sátt við óvissuna* og út kom 2009.

Efasemdir af síðari gerðinni eru þekktastar af bók eftir Ludwig Wittgenstein sem upphaflega kom út árið 1921 og bar þá titilinn *Logisch–philosophische Abhandlung*. Undir lok þessa torræða rits segir Wittgenstein að sumt verði ekki tjáð með orðum, það sýni sig, það sé hið dulræna. Síðustu orð bókarinnar eru: „Wovon man nicht sprechen kann, darüber muß man schweigen“¹ (Wittgenstein, 1961:150). Af þessari bók má ráða að Wittgenstein hafi talið það sem mestu varðar vera ósegjanlegt. Um tengsl Wittgensteins við efahyggjuhefðina hef ég fjallað í áðurnefndri bók minni (Atli Harðarson 2009:97–120) og verður það ekki endurtekið hér en látið duga að segja að í heimspeki síðustu aldar birtist efahyggja gjarna í tengslum við umfjöllun um mál og merkingu, enda var tungumálið miðlægt viðfangsefni í heimspeki allt frá aldarbyrjun.

Ef sá skilningur sem ég hef reifað er réttur flytur hluti af ljóðum Þorsteins frá Hamri hugsun sem er náskyld heimspekilegri efahyggju. Þessi hugsun myndar þráð sem hægt er að rekja gegnum langan feril og margar bækur.

Heimildir

- Atli Harðarson. 2009. *Í sátt við óvissuna*. Heimspekistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Wittgenstein, Ludwig. 1961. *Tractatus Logico–Philosophicus: The German text of Ludwig Wittgenstein's Logisch–philosophische Abhandlung with a new edition of the Translation by D. F. Pears & B. F. McGuinness and with the Introduction by Bertrand Russell*. Routledge & Kegan Paul, New York.
- Þorsteinn frá Hamri. 1999. *Meðan þú vaktir*. Iðunn, Reykjavík.
- Þorsteinn frá Hamri. 2002. *Meira en mynd og grunur*. Iðunn, Reykjavík.
- Þorsteinn frá Hamri. 2004. *Ritsafn*. Mál og menning, Reykjavík.
- Þorsteinn frá Hamri. 2005. *Dyr að draumi*. Mál og menning, Reykjavík.
- Þorsteinn frá Hamri. 2008. *Hvert orð er atvik*. Mál og menning, Reykjavík.
- Þorsteinn frá Hamri. 2011. *Allt kom það nær*. Mál og menning, Reykjavík.
- Þorsteinn frá Hamri. 2013. *Skessukatlar*. Mál og menning, Reykjavík.

¹ „Það sem maður getur ekki talað um, það verður maður að þegja um.“